

82. fundargerð Hverfisnefndar Holta og hlíðahverfis

Fundur haldinn 4.febrúar 2015 í kaffistofu Glerárskóla.

Mættir eru: Berglind Rafnsdóttir, Helgi Stefánsson, Sigrún Elva Briem og Pétur Örn.

1. Fjárveiting 2015

Nefndin fékk tölvupóst frá Jóni Birni Gunnlaugssyni hjá Framkvæmdarmiðstöð bæjarins þann 13.janúar sl. þar sem segir „Ekki hefur verið tekin ákvörðun um áframhald fjárveitinga til hverfisnefnda en Framkvæmdaráð ákveður það líklega á næsta eða þar næsta fundi“

Við skildum fjárveitinguna þannig að Akureyrarbær hafi ákveðið á 100.ára afmæli sínu að veita tveimur milljónum til allra hverfisnefnda í 5.ár og því koma þessar fréttir okkur á óvart.

2. Reikningar vegna úttektar Hverfisnefndar

Enn og aftur er óskað eftir að fá gögn í hendur vegna úttektar hverfisnefndar á „umhverfisénu“. Við fáum bara að vita stöðu en ekki neinar útskýringar eða afrit af reikningum sem hafa verið gjaldfærðir á hverfisnefndina fyrir árið 2014. Við áttum fund með bæjarstjóra og framkvæmdadeild á sínum tíma þar sem ákveðið var að við myndum fá þessi gögn en ekki er neitt að gerast.

3. Verkefnið „Skilti á gömul hús“

Búið er að útbúa skilti fyrir Bárufell og afhending til íbúa lokið. Hverfisnefndin ákveður að hér með verði skiltaverkefni opið árið 2015 og verði síðan lokið.

4. 30 km merki

Ítrekun er send á þá beiðni að koma upp 30 km merki í „skarðshlíðarhringnum“.

5. Aðalfundur 15.apríl 2015

Aðalfundur hverfisnefndar hefur ætíð verið í apríl og hefur verið festur þann 15.apríl nk. Kl. 20:00. Fundurinn verður haldinn í sal Glerárskóla og ætlar Sigrún að festa okkur salinn á þeim tíma. Rætt var um komandi aðalfund og mun verða tekin ákvörðun á næsta fundi um fundarefni. Einnig verður haft samband við 10.bekk Glerárskóla vegna kaffiveitinga á fundinum og ætla nefndarmenn að láta það berast að okkur vanti fleira fólk í nefndina.

6. Erindi til hverfisnefndar

Nefndarmenn vilja ítreka að allir geta sent erindi vegna hverfissins á hlidholt@akureyri.is

Ekki fleira rætt. Næsti fundur er 3.mars í Glerárskóla

Hverfisnefnd Holta og hliðahverfis

Berglind Rafnsdóttir, formaður

Eftir fundinn okkar eða þann 13.febrúar kemur tölvupóstur frá Jóni Birgi í framkvæmdaráði þar sem tilkynnt er að ráðið hafi samþykkt á fundi sínum 6.febrúar að hver hverfisnefnd/ráð fái til ráðstöfunar allt að 2.m. kr í ýmiskonar umhverfisverkefni og sé frestur til að skila inn tillögum að verkefnum til 6.mars 2015. Meðfylgjandi í tölvupóstinum voru verklagsreglur framkvæmdaráðs.

Nefndarmenn hverfisnefndar fagna þessari niðurstöðu.